

Fundargerð 162. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 4. júní 2025

Fundurinn haldinn á Teams og hófst kl. 9:30.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Puríður Lillý Sigurðardóttir, Eyþór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson, Axel Örn Sveinbjörnsson, Sindri Sigurðsson og Díana Mjöll Sveinsdóttir. Jóhann F. Þórhallsson sem áheyrnarfulltrúi.

Mætt frá Austurbrú: Bryndís Fiona Ford, framkvæmdastjóri, og Jón Knútur Ásmundsson, fundarritari.

Dagskrá

- Fundargerð stjórnarfundar nr. [160](#) og [161](#), til kynningar**
- Fundur með sveitarstjórn Vopnafjarðar**
 - Liðnum frestað sökum veðurs en til stóð að fundurinn yrði haldinn á Vopnafirði. Framkvæmdastjóra falið að finna nýjan tíma síðar.
- Helstu verkefni Austurbrúar – skýrsla framkvæmdastjóra**
 - Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni Austurbrúar og svaraði fyrirspurnum stjórnar. Sagði m.a. frá Umhverfissráðstefnu Austurlands sem fer fram á Egilsstöðum 5. júní, EQM-úttekt, heimsókn fulltrúa NATALIE-verkefnisins, ársfundi Austurbrúar, sumarfríi starfsmanna og stöðuna á Vonarlandi en þar verða framkvæmdir í sumar. Sagt var frá því að fulltrúi Austurbrúar hafi verið kjörinn formaður Símenntar og umræður í kjölfarið um fjarnám og próftöku.
 - Umræður um byggðaþróunarverkefni eins og „Brothættar byggðir“ og hvatasjóð Seyðisfjarðar og árangur slíkra verkefna.
 - Stjórn ræddi nýskipað fagráð Austurbrúar, boðun funda, hlutverk ráðsins og stöðu innan stjórnskipulags stofnunarinnar. Fyrsti fundur ráðsins verður haldin eftir sumarfrí.

Fundi slitið kl. 10.

Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Stefán Þór Eysteinnsson

Eypór Stefánsson

Axel Örn Sveinbjörnsson

Díana Mjöll Sveinsdóttir

Sindri Karl Sigurðsson

Jóhann Frímann Þórhallsson